

**Mál nr. 231/2013**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V-1 v. A og**  
**Vátryggingafélagið V-2 v. B**

**Árekstur bifreiða við Fitjar í Njarðvík þ. 29.5.2013**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.25.6.2013 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V-1 dags.12.7.2013 ásamt fylgiskjölum 1-5
3. Bréf V-2 ódagsett.

**Málsatvik.**

Árekstur varð við Fitjar í Njarðvík. Ökumaður A ók inn á bifreiðastæði við Fitjar og hugðist aka að bensíndælu þegar hann sá B og stöðvaði A. Ökumaður A segir að ökumaður B hafi horft til hægri og ekki séð sig og ekið á A kyrrstæða. Ökumaður B segist hafa ekið frá bensíndælu og horft til hægri þegar B lenti á A. Ökumaður B segist ekki hafa séð bifreið koma inn á planið og litið til hægri til að sjá hvort umferð væri að koma frá Bónus en þegar ökumaður B hafi litið fram þá hafi A verið þar og ökumaður B ekki haft tók á að stöðva eða beygja frá. Á framhlið tjónstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita er m.a. merkt við tl. 1 fyrir A þ.e. að A hafi verið kyrrstæð þegar áreksturinn varð.

**Álit.**

Samkvæmt framburði ökumanns B þá var hann ekki að fylgjast með umferð sem var fyrir framan heldur leit til hægri og vissi ekki af A fyrr en ökumaður B leit áfram en hafi þá ekki getað komið í veg fyrir árekstur. Fram kemur á tjónstilkynningu að A hafi verið kyrrstæð í umrætt sinn. Miðað við ofangreindan framburð ökumanns B og framhlið tjónstilkynningar sem og önnur gögn málsins þá verður öll sök lögð á ökumann B sem viðhafði ekki nægjanlega varúð við aksturinn og ók á A kyrrstæða.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 27.8.2013

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.